

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	26.10.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik og engar athugasemdir gerðar við starfsemina. Staðfestar voru úrbætur fráviks varðandi geymslu og endurvinnslu þeytilausnar frá víravél. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri Umhverfissvöktunaráætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var farið yfir eftirfarandi atriði:

1. Rekstur kerskála.
2. Kvörðun og eftirlitsprófanir mælitækja skv. mæliáætlun.
3. Losun SO₂ frá forskautum
4. Úrbætur vegna þeytilausnar og kvoðu frá vatnshreinsivirki.
5. Loftgæði í steypuskála
6. Úrbætur vegna frárennislisleki frá olúgildru á þvottastöð.
7. Útflutningsleyfi fyrir spilliefni.
8. Uppfærsla áætlana
9. Skoðunarferð

1. Þann 23. júní sl. tilkynnti rekstraraðili til Umhverfisstofnunar að óstöðugleiki væri í rekstri kerskála vegna galla í forskautum. Áhrfin voru m.a. ójafnvægi í hita kerjanna og aukin ristíðni. Lækka þurfti straum tímabundið, bætt við starfsfólki og leitað til sérfræðinga erlendis til að bregðast við auknu álagi í kerskálarekstrinum m.a. vegna aukinnar tíðni skautskipa og endurræsingu kera. Unnið er að því að hækka strauminn að nýju en nokkuð gott jafnvægi var komið á reksturinn að nýju um 19. ágúst sl. Losun vegna þessa fór hæst í júlí 0,64 kg F/tonn ál og 1,15 kg ryk/tonn ál sem er innan skilgreindra starfsleyfismarka. Ráðist var í ýmsar úrbætur vegna þessa s.s. umbætur á stýringu raflausnarhæðar og meðal annars unnið að kaupum á nýjum búnaði til raflausnartöppunar. Unnið hefur verið að útskiptum á brjótum/súrálsskömmturum í kerum frá því í apríl sem munu hjálpa til við raflausnarstýringu og lækka ristíma. Ein ábending um reyk frá kerskála barst Umhverfisstofnun vegna reyks úr rjáfri kerskála þann 18. júlí sem má rekja til þessa óstöðugleika.

2. Farið var yfir eftirlitsprófanir og kvarðanir mælitækja en árlegar eftirlitsprófanir á mælibúnaði eru framkvæmdar á vorin áður en sumarfleysingar hefjast. Framleiðandi HF gasmæla í rjáfri og hreinsivirkjum kemur árlega og kvarðar búnaðinn. Loftflæðimælir er kvarðaður árlega með kvörðunarmæli sem er sendur árlega erlendis til framleiðanda í kvörðun. Rykmælar í hreinsivirkjum eru kvarðaðir miðað við samanburðarmælingar Nýsköpunarmiðstöðvar sem eru gerðar tvisvar sinnum á ári og rykstafir í hreinsivirkjum er sendir erlendis í eftirlitsskoðun á 3 ára fresti. Kvörðunarskýrslur voru sendar Umhverfisstofnun að loknu eftirliti.

3. Þá var rætt um losun SO₂ frá forskautum en samkvæmt ársfjórðungsskýrslu fór hún hæst í 13,6 kg SO₂/tonn ál í júní (starfsleyfismörk 14 kg SO₂/tonn ál). SO₂ losunin forskauta er reiknuð út frá brennisteinsinnihaldi og notkunartölum forskauta. Brennisteinsinnihald er fengið úr vikulegum efnagreiningum sem gerðar eru af framleiðanda forskauta. Með það að marki að lágmarka bruna forskauta og þar með CO₂ losun er leitast við að hafa brennisteinsinnihald nálægt skilgreindum mörkum. Heildarlosun SO₂ (frá forskautum og súráli) er vel innan skilgreindra starfsleyfismarka.

4. Í eftirliti vorið 2015 kom fram frávik þar sem að kvoðu úr vatnshreinsivirki og þeytilausn frá víravél

hafði verið safnað upp á lóð að Hrauni 7-9. Búið er að vinna niður birgðirnar af þeytilausninni í vatnshreinsivirki. Kvoðan úr vatnshreinsivirkinu er nú flutt jafnt og þétt í sorpeyðingarstöð og geymsluaðstæður fyrir kvoðu sem bíður flutnings endurbætt. Þá er búið að koma fyrir tanki með lekavörnum til að geyma þeytilausn sem svo er unnin jafnt og þétt í vatnshreinsivirkinu. Þeytilausn var tappað á tankinn nýlega.

5. Rætt var um rekstur steypuskála og mögulega rykmengun vegna framleiðsluferlanna þar. Afsog er af víravél sem leitt er í gegnum síubúnað. Afsog frá ofnum fer óhreinsað út um útblástursrör en helsta rykmyndun í þeim er þegar bætt er inn íblöndunarefnum og þegar gjall er skafið ofan af bráðinni. Mælingar á loftgæðum m.t.t. vinnuverndar hafa verið framkvæmdar við ofnana og var óskað eftir niðurstöðum þeirra í eftirlitinu.

6. Farið var yfir úrbætur vegna leka frá fráveitulögnum aftan við sandskilju í þvottastöð. Frárennsli og olíuskilja þvottastöðvar fellur undir starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsins á Austurlandi. Rætt var um úrbæturnar og möguleg áhrif sem voru talin minniháttar ásamt fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins sem var viðstaddur í eftirlitsheimsókninni.

7. Þá var rætt um stöðu útflutningsleyfa vegna flutning spilliefna erlendis. Vegna óstöðugleikans í sumar urðu skautbrot mengaðri en áður og því þarf að leita til annars endurvinnsluaðila fyrir þau. Þá var útflutningsleyfi fyrir kerál endurnýjað 10.nóvember sl. Þessi úrgangur er nú geymdur í merktum og lokuðum gámum á hafnarsvæði.

8. Uppfærsla áætlana. Mæliáætlun var uppfærð og samþykkt 25.maí sl. og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda, sem unnin var sem hluti af öryggisskýrslu og viðbragðsáætlun stórslysavarna er til skoðunar hjá Vinnueftirlitinu. Óskað var eftir uppfærslu á umhverfisvöktunaráætlun.

9. Að lokum var farið í skoðunarferð um steypuskála og fylgst með íblöndun og skörun á ofni 1. Einnig var fylgst með innhellingu úr deiglum en vanalega er sogið upp úr deigluum þannig að reykmyndun er minni. Afsog frá ofninum virtist fanga nokkuð vel reyk sem myndaðist við íblöndunina og skörunina. Þá var litið á úrbætur við geymslu þeytilausnar við vatnshreinsivirki, horft yfir lóðir að Hrauni 7-9. Þar var ekki að sjá framleiðsluúrgang en rekstraraðili hefur nú umráðarétt yfir lóðunum. Í lok eftirlitsferðar var fylgst með skautskiptum en þar er þekktur mengunartoppur sem er lágmarkaður með því að opna eina þekju við hvert skaut sem er verið að skipta um.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærslu á umhverfisvöktunaráætlun í samræmi við atriði sem rædd voru í eftirlitinu og send í tölvupósti 29. nóvember sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.12.2016


Halla Einarsdóttir